

Þróunarfélag Grundartanga

Ársskýrsla 2024



GRUNDARTANGI ehf.
Þ R Ó U N A R F É L A G



Ávarp framkvæmdastjóra



Árið 2024 hefur verið mikilvægt í starfsemi Þróunarfélags Grundartanga og byggt undir þá þróun sem við erum að sjá raungerast nú 2025.

Mikil framgangur hefur verið í lykilverkefnum á svæðinu sem gert verður frekar grein fyrir í þessari skýrslu. Þessi verkefni eiga það sameiginlegt að styðja við þá stefnu sem mótuð hefur verið fyrir svæðið s.s. í formi sjálfbærniumgjarðar og markmiðum sem henni tengjast.

Gaman hefur verið að upplifa áhuga fyrirtækjanna á svæðinu sem og nýrra fyrirtækja sem hafa hug á að hefja starfsemi á Grundartanga. Áhuginn sýnir árangur þeirrar vegferðar sem Þróunarfélagið hefur verið að leiða á Grundartanga. Vöxtur svæðisins á sjálfbærum grunni er til hagsbóta fyrir svæðið sjálft og samfélagið allt, bæði á Vesturlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Framundan eru nú tímamót þar sem starfsemi sem tengist grænum iðngarði mun færast í nýtt félag og aðkoma fyrirtækjanna á svæðinu aukast. Þetta mun gera þeim kleift að auka samvinnu og móta skýran ramma í kringum þau mikilvægu framfaraverkefni sem þegar hafa farið af stað og í sameiningu mótað ný verkefni.

Ég vil þakka öllum hagsmunaaðilum svæðisins, bæði fyrirtækjum og stjórnvöldum, gott samstarf og samvinnu á árinu. Slík samvinna er nauðsynleg til að þróa svæðið áfram til framtíðar og byggja á þeim trausta grunni sem þegar er til staðar.




Starfsemi 2024

Undirbúningur fyrir stofnun klasa

Á árinu var haldið áfram undirbúningsvinnu vegna stofnunar klasans: Grundartangi grænn iðngarður með hringrásarhugsun. Stofnun sérstaks félags um garðinn er mikilvægur liður í því að tryggja framgang sjálfbærnimála og samstarfs á Grundartanga, þó fyrirtækin á svæðinu séu þegar byrjuð að starfa í anda garðsins og þeirrar sjálfbærnumgjörðar sem samþykkt hefur verið. Töluverð framþróun hefur orðið í undirbúningi stofnunar félagsins, en hann er í höndum þróunarfélags Grundartanga og stýrihóps sem í sitja fulltrúar fyrirtækjanna á svæðinu. Í tengslum við sjálfbærnumgjörð svæðisins var á árinu unnið að greiningu krafna flokkunarreglugerðar ESB í samhengi við starfsemina á Grundartanga. Þannig munu fyrirtækin á svæðin halda áfram að vera í fremstu röð í íslensku atvinnulífi þegar kemur að umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Hita- og gufuveita á Grundartanga

Í ágúst 2024 hlaut þróunarfélag Grundartanga styrk frá Orkusjóði til uppsetningar hita- og gufuveitu á Grundartanga sem mun nýta glatvarma frá kælikerfum Elkem. Verkefnið er eitt fyrsta sinnar tegundar á landinu og er mikilvægur liður í uppbyggingu Grundartanga sem græns iðngarðs og það styður með beinum hætti við markmið garðsins. Styrkurinn er því mikilvægur liður í vegferðinni framundan. Með tilkomu hita- og gufuveitunnar mun raforkunotkun minnka en raforka er í dag nýtt til að hita allt vatn á Grundartanga. Sömuleiðis mun draga úr olíunotkun sem notuð er í dag við framleiðslu á gufu á svæðinu.



Starfsemi 2024

Umfang starfseminnar á Grundartanga

Í samstarfi við fyrirtækin á svæðinu lét Þróunarfélag Grundartanga gera samantekt á efnahagslegum umsvifum Grundartangasvæðisins og áhrifum þess á nærsamfélagið. Verkefnið er gott dæmi um hvernig nýta má samstarfsvettvang Þróunarfélagsins til að minna á mikilvægi svæðisins í almennri umræðu og samtali við stjórnvöld. Niðurstöður könnunarinnar sýna m.a. að 73% starfsfólks þeirra fyrirtækja sem hafa starfstöð á Grundartanga koma úr nærliggjandi sveitarfélögum. Einnig var dregið fram það mikla umfang starfseminnar sem er á svæðinu, en velta fyrirtækjanna sem þar hafa starfstöð er áætluð um 162 milljarðar króna og launagreiðslur 12,4 milljarðar króna. Þarna eru ótalin óbein og afleidd áhrif svæðisins sem áætla má að séu umtalsverð. Þróunarfélagið stefnir að því að taka saman sambærilegar upplýsingar árlega.

Ný starfsemi á Grundartanga

Mörg ný félög hafa verið að kanna möguleika á að hefja starfsemi á Grundartanga, en öll félögin eiga það sammerkt að vilja vinna í samræmi við þá sjálfbærnumgjörð og framtíðarsýn sem mótuð hefur verið fyrir svæðið. Þessi félög hafa leitað mikið til Þróunarfélagsins vegna upplýsingaöflunar og ráðgjafar um möguleika svæðisins og þeirra krafna sem til þeirra yrðu gerðar á Grundartanga. Meðal þeirra sem hafa sýnt áhuga á svæðinu eru fyrirtæki á sviði magnesíumframleiðslu, landeldis, kolefnisföngunar, rafeldsneytisframleiðslu, gagnavers ofl. Slíkur áhugi er enn og aftur viðurkenning fyrir Grundartangasvæðið og þá vinnu sem lögð hefur verið í vegferð græna iðngarðsins.

Ljóst er að koma öflugra fyrirtækja á Grundartangasvæðið mun efla svæðið til muna og hafa jákvæð áhrif á allt samfélagið. Áætluð ný bein störf sem fylgja þessum félögum eru um 500 talsins í fjölbreyttum starfsgreinum. Fjölgun fyrirtækja á svæðinu mun sem dæmi styrkja rekstrargrundvöll nýrrar hitaveitu á Grundartanga og auðvelda framkvæmd annarra verkefna sem snúa að sameiginlegum hagsmunum og hringrásarhugsun svæðisins.



162 ma.kr.

Heildartekjur þeirra félaga sem hafa starfsstöð á Grundartanga eru áætlaðar 162 milljarðar króna árið 2023.



1.050

Starfsfólk sem hefur starfsstöð á Grundartanga er um 1.050 talsins.

Þá má ætla að óbein og afleidd störf séu annar eins fjöldi. Þannig eru störf sem tengjast Grundartanga samtals um 2.000.



12,4 ma.kr.

Áætlaðar launagreiðslur til starfsfólks á Grundartanga voru um 12,4 milljarðar króna árið 2023.



1,7 ma.kr.

Áætlaðar útsvarsgreiðslur starfsfólks Grundartanga voru um 1,7 milljarður króna árið 2023.



GRUNDARTANGI ehf.
Þ R Ó U N A R F É L A G

*Byggt á greiningu KPMG

Starfsemi 2024

Kynningar- og markaðsmál

Þróunarfélagið hefur áfram verið virkt í að kynna Grundartanga út á við svo sem með kynningum og þátttöku á fjölmörgum fundum. Fulltrúar félagsins tóku m.a. þátt í MIPIM ráðstefnu í Cannes, þar sem áform svæðisins voru kynnt.

Nýtt merki hefur verið mótað fyrir klasann; Grundartangi grænn iðngarður. Þannig mun kynningar- og markaðsefni nýs félags taka mið af því og aðgreina það frá Þróunarfélaginu sjálfu. Farið var í drónamyndatökur fyrir svæðið sem munu nýtast við gerð kynningar- og markaðsefnis fyrir svæðið og hagaðila þess.

Grunnur heimasíðu félagsins hefur verið uppfærður, en það mun auðvelda viðhald síðunnar og breytingar í framtíðinni í takt við áherslur.

Auk þess hefur virkt samtal átt sé stað við aðra klasa með það að markmiði að miðla þekkingu og auka samstarf.

Tilraunaborhola á vegum Carbfix

Á árinu var Þróunarfélag Grundartanga fengið til að halda utan um sameiginlegt verkefni Þróunarfélags Grundartanga, Carbfix, Elkem og Norðuráls, um framkvæmd tilraunaborholu vegna niðurdælingar CO₂ á Grundartanga. Meginmarkmið verkefnisins er að framkvæma fýsileikakönnun á niðurdælingarhæfni berggrunnsins á Grundartanga. Rannsóknir á hentugum stað eru þegar hafnar og miklar vonir eru bundnar við verkefnið, sem styður með beinum hætti við stefnu og framtíðarsýn svæðisins. Einn viðbótarmöguleiki verkefnisins er fólgin í því að nýta borholurnar við leit að köldu og heitu vatni og var sótt um sérstakan styrk til þeirra rannsókna árið 2025.



Við undirskrift Carbon Iceland og Norðuráls



Við undirritun samnings Carbfix, Elkem á Íslandi, og Þróunarfélags Grundartanga um bindingu CO₂



Starfsemi 2024

Hraðhleðslustöð

Á árinu var hraðhleðslustöðinni fundinn ný lóð á Grundartangasvæðinu, nær þjóðveginum. Þar er hún talin nýtast betur fyrir starfsemi svæðisins og vegfarenda á þjóðvegi 1. Þetta styrkir þannig rekstrargrundvöll stöðvarinnar. Unnið er nú með væntanlegum rekstraraðila að frekari þróun.

Skógrækt

Þróunarfélagið vinnur í samstarfi við Hvalfjarðarsveit, Faxaflóahafnir, Elkem, Norðurál og öðrum fyrirtækjum á Grundartanga að undirbúningi skógræktar á svæðinu. Sú skógrækt mun nýtast sem yndisskógur fyrir starfsfólk og gesti svæðisins, en ekki síður sem nytjaskógur til kolefnisbindingar.

Undirbúningsdrög hafa þegar verið kynnt fyrir helstu hagaðilum og stefnt er að því að skógræktaráttak hefjist í kjölfar stofnunar klasans.

Þynningarsvæði á Grundartanga

Þróunarfélagið fylgdi á árinu 2024 eftir mögulegum breytingum á þynningarsvæði á Grundartanga. Breytingarnar geta haft í för með sér tækifæri fyrir fjölbreyttari atvinnustarfsemi sem ekki hefur mátt vera á svæðinu hingað til, s.s. matvælatengda starfsemi. Útlit er fyrir að þessar breytingar nái í gegn árið 2025.





GRUNDARTANGI ehf.
PRÓUNARFÉLAG – HVALFJARDARSVEIT